

Nr. 106 / 10 Kári BA 132 / Elli BA 433**Ásigling á miðunum****Kári BA 132**

Skipaskr.nr. 7347
Smíðaður: Hafnarfirði 1992 plast
Stærð: 5,86 brl. 6,23 bt.
Mesta lengd: 8,77 m Skráð lengd: 8,56 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 1995
Fjöldi skipverja: 1



Kári ©Hafbór Hreiðarsson

Elli BA 433

Skipaskr.nr. 7233
Smíðaður: Hafnarfirði 1990 plast
Stærð: 3,57 brl. 4,92 bt.
Mesta lengd: 7,83 m Skráð lengd: 7,35 m
Breidd: 2,13 m Dýpt: 0,93 m
Vél: Volvo Penta 117,6 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 2



Elli©Grétar Þór

Gögn:

Lögregluskýrsla

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. ágúst 2010 var Kári BA 132 á siglingu til Bíldudals. Veður: NA 6 m/sek.

Þegar komið var upp undir Kópanes skammt undan vitanum sigldi Kári BA á Ella BA 433 sem þar var haldið til handfæraveiða. Kári BA hélt áfram siglingunni án þess að samband næðist við hann og kom til Bíldudals síðar um daginn.

Litlar skemmdir urðu á bátunum nema handrið á afturskuthorni Ella BA skemmdist lítilsháttar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri Ella BA sagði að hann hafi verið á reki við handfæraveiðar á Rifinu skammt undan Kópnum og haldið að Kári BA væri að koma að þeim til að spjalla en hann hafi keyrt á mikilli ferð á skuthornið og haldið siglingu áfram án þess að slá af;
- að við komu til hafnar reyndist stjórnandi Kára BA undir áhrifum áfengis og í blóðsýni var 2,51‰.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.